

Símafundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 5. júní 2014 og hófst kl 20:00.

Mætt eru: Ævar Rafn Marinósson, Hafliði Jónsson, Sigríður Gamalíeldóttir, Indriði Þóroddsson.
Ævar Rafn Marinósson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 2. maí 2014.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vísaði bréfinu áfram til Landbúnaðarnefndar.

Formaður fór yfir málið og fundarmenn ræddu um þróun á dreifingu hreindýra.

Umhverfisstofnun óskar eftir skriflegu samþykki sveitarstjórnar á útvíkkun svæðis 1 í samræmi við útbreiðslu hreindýra.

Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar er sammála um að svæðið verði útvíkkað í samræmi við útbreiðslu hreindýra. Samþykkt samhljóða.

Landbúnaðarnefnd leggur hins vegar áherslu á að veiðimenn fari að almennum lögum varðandi utanvegaakstur og gangi vel um landi. Víða hefur borið á utanvegarakstri í heiðum Langanesbyggðar m.a. eftir hreindýraveiðimenn en slíkt er ólíðandi

2. Önnur mál.

Rætt um fjallskil haustsins. Landbúnaðarnefnd telur rétt að ný landbúnaðarnefnd/fjallskilastjóri leggi á næstu fjallskil. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 20:25